# Stærðfræði grunnnámskeið

| Námskeið fyrir þá sem hyggja á nám og vilja styrkja grunn í stærðfræði | |
|---|---|
| **Markmið**: | Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að:<br>• Þekkja grunnaðgerðir stærðfræðinnar og unnið með þær.<br>• Geta unnið með almenn brot og grunnþætti algebrunnar.<br>• Vera færir um að vinna sjálfstætt með tölur og úrlausn dæma<br>• Nýtt sér nútímatækni til að auðvelda stærðfræðilærdóminn<br>• Öðlast sjálfstraust og öryggi í stærðfræðinni sem nýtist vel í frekara námi<br>• Átta sig á því að óttinn við stærðfræðina var algjör óþarfi og láta drauma sína rætast |
| **Markhópur**: | Fyrir þá sem vantar grunn í stærðfræði og hyggja á frekara nám en hafa jafnvel látið óttann við stærðfræðina stöðva sig. |
| **Innihald**: | Á þessu námskeiði er farið yfir grunnatriði stærðfræðinnar; þ.e. grunnaðgerðir, talnareikning, almenn brot og algebru. Námsefni sambærilegt við það sem gerist í fornámsáfanga framhaldsskóla lagt fram í kennslubókum og á tölvutæku formi. |
| **Námsefni:** | Vinnubók og aðgangur að sérstökum stuðningsvef í stærðfræði |
| **Kennsluaðferð:** | Innlagnir frá kennara er ný kennsluatriði er kynnt til sögunnar. Nemendur læra einnig með innlögnum kennara á sérstökum vef á netinu. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám þar sem nemendur geta unnið verkefni á þeim hraða sem hentar hverjum og einum. |
| **Ávinningur**: | Undirbúningur fyrir frekara nám á framhaldsskólastigi. |
| **Lengd:** | 24 kennslustundir |
| **Tímasetning:** | Sjá nánar í yfirliti námskeiða |
| **Kennari**: | Halldór Örn Þorsteinsson, stærðfræðikennari í Hringsjá og viðskiptafræðingur MSc. |